

Fundur 22.4.2024 Sigurður Ólafsson gamall félagi.

Komið þið blessaðir og sælir, gleður það mig að komast í sambandið og,

*Komdu sæll. Velkominn.*

Já komdu sæll, ætla ég nú að koma því til skila sem ég var truflaður við áður og, augnablik, ég, einhverjir örðugleikar, gleður mig mjög að.

Við erum hér nokkrir í stjörnusambandsstöðinni, og erum að kappkosta að efla samband ykkar og ná sambandi við þær Goðmögnuðu verur sem geta mest hjálpað og komið á lífstefnubrautina og ætla ég að biðja ykkur að spyrja ekki spurninga fyrr en ég hef lokið mér af, þar sem helstefnu öflin reyna að trufla samband þetta.

Og ég er hér öflugur í framlífi og við erum hér nokkuð margir sem höfum skipulagt hjálpar tilraunir fyrir Íslensku þjóðina og ykkur sem heima eruð og fjölmargir hér, fullur salurinn af fólki og jafnvel út við fjallsræturnar og niður með stjörnusambandsstöðinni, hér eru þúsundir saman og hefur okkur orðið nokkuð ágengt að hrinda helstefnu áhrifum þeim sem á okkur hafa herjað og frumlífs hnettina í hnatta sveip þeim sem þið tilheyrið.

Og gleður það mig að ná sambandi og ætla ég mér að lýsa þessu fyrir ykkur og verður það ykkur hið mesta gagn ef það kemst allt til skila, en mikilvægt er að starfsemi Nýalssinna á Íslandi hinu gamla muni blómstra og dafna sem aldrei fyrr.

Og er ég einn af þeim sem fylgjast grannt og náíð með ykkur og reyni að senda ykkur orku sem best og gleður það mig að nýir félagar séu komnir í hópinn og kvenmenn meðal þeirra, en einnig er mér það ljóst að Jahve og önnur helstefnu öfl reyna að stöðva ykkur og herja á félagið, og mikið í húfi að það takist ekki.

Höfum við áætlanir um að lífstefnan muni ná yfirhöndinni á jörðunni og Íslendingar gegni því hlutverki sem þeim er ætlað og að félag ykkar muni að minnsta kosti ná þeim árangri að hafa áhrif út fyrir landsteinana og þið fáíð sem flesta miðla ykkur til fulltingis og aðstoðar, en vandinn er sá að mótstaðan er mikil sem fyrr.

Og lifum við eins og þið á einu af þeim tímaskeiðum, þegar Jahve og önnur helstefnu öfl láta til sín taka og reyna sitt ítrasta til að stöðva og skaða lífstefnuna og hefur þó árangurinn verið all nokkur í því að stöðva slíkt og koma lífstefnunni til hjálpar.

Hef ég oft talað til ykkar, en tókst mér ekki síðast þegar ég talaði til ykkar að ná fram erindi mínu og var ég því sérstaklega magnaður hér í kvöld af félögum mínum og fjarstöddum öflugum einstaklingum að koma fram þessu erindi.

Og gegnið þið miklu hlutverki og teljum við, þótt ekki blási byrlega nú um stundir hjá ykkur, frekar en svo oft áður, þá er svo að undir vissum kringum stæðum getur skriðan farið að velta og fjölmargir farið að sýna þessu áhuga og yrði þá erfiðara að halda þeim í burtu sem sýna sýndaráhuga og ekki munu verða til bóta, heldur en að afla nýrra fylgismanna.

En ekki getum við sagt um það með vissu á næstu árum eða á ykkar æfiskeiði það verður sem félagið muni ná lands athygli og meira, en við óskum þess innilega, þar sem lífi ykkar er ógnað og annarra sem eru hluti af þessu frumlífs jarða knippi.

Og vil ég hér koma inn á atriði sem mér hefur ekki verið unnt að útskýra áður, en tel nú að það takist betur, það atriði er björgunar tilraunir Guðanna og lífstefnu mannkynjanna sem æðri okkur eru og sem þessar björgunar tilraunir sem við njótum góðs af eins og þið, en sem hægt er að búast við á nokkurra ára fresti og svo aftur helstefnu bylgjunnar sem einnig skella á og munurinn á þessu tvennu, og hvernig Íslenska þjóðin hefur á mis munandi hátt unnið úr þessum áhrifum, en aldrei þó þannig að þau hafi skilað réttum árangri.

Kom ég inn á það, þegar ég var ný farinn frá ykkur á mína framlífs jörð, að ég gæti svifið í góðra vina hópi og lýsti ég þá staðhættum, en vil ég koma inn á annað atriði sem nefndi þá, sem mikilvægt er fyrir ykkur að vísindamenn jarðarinnar nái að rannsaka betur og tengjast þar æðri verum og góðum, sem geta orðið að gagni.

Fór ég þá hamförum hnattanna á milli með aðstoð þessara æðri vera sem að vísu voru ekki Guðir heldur framlífs mannkyn svo öflugt að það var Guðum líkast, og eru það því ekki stöðugar framfarirnar, heldur eru þær markaðar af öðrum tímaskeiðum sem eru mis góð og einnig var það svo þegar nýaldar hreyfingin kom fram meðal yðar, var það tilraun Guðanna til að koma fram hinum Nýölsku sannindum, og var orðalagið glettilega líkt nafni þessa félags, en þó ekki nákvæmlega. Og fór sú tilraun Guðanna einnig út um þúfur.

Hef ég margsinnis rætt við, finn ég nú að orkan er að minnka og truflandi áhrif helstefnu aflanna að deyfja sambandið, en ætla ég að reyna að halda áfram eins lengi og hægt er að koma þessu, ég hef rætt við einn af þeim sem ykkur tengjast, ekki voru hans skoðanir að fullu réttar er hann kom hér yfir, en hefur hann tekið framförum og er hann farinn að skilja betur hina Nýölsku kenningu, en hefur hann ýmislegt kennt mér um þessi efni, sem ég minntist á, Guðlaugur vinur eins ykkar.

*Já vinur minn hér.*

Já, ég hef, hann er nú kominn á réttari brautir og vill við ykkur tala við tækifæri, farinn að skilja þetta betur, en hefur það verið fróðlegt.

Ég er gamall Nýalssinni, það truflaði sambandið þegar talað var um pípuna, þar sem margir telja það tengjast jarðneskum löstum, en ekki hefur það mikil áhrif á heilsufar okkar ef líforkan er í fullu gildi, þá hefur það lítil áhrif sem engin á heilsu okkar og hefur mér fundist það gott til að róa taugarnar, en þó fann ég fyrir því að þegar helstefnu áhrif Jahves skullu á jörð ykkar og okkar og fleiri, fann ég fyrir aðkenningu af þeim gamla sjúkdómi sem leiddi mig til dauða.

Og náði ég mér þó aftur, en er þetta gott dæmi um það að líkamlegir veikleikar fylgja okkur yfir geimdjúpið, en erum við yfirleitt að fullu laus við þá, nema þegar truflanir verða í orkunni.

Ætla ég að segja ykkur, áður en ég slít sambandinu, frá svæði því sem þið getið vænt hjálpar frá, en ég talaði frá svæði því, þegar ég var nýkominn yfir og fór hamfara flutningum vegna aðstoðar þessa Goðumlíka mannkyns og er það svæði í vetrarbraut ykkar, en erum við ekki stödd þar alla jafna.

Vona ég að ég geti komið að þessu síðar, eða aðrir félagar ykkar, en verð ég nú brátt að slíta sambandinu, félagi ykkar Sigurður Ólafsson, fyrrverandi miðill hjá ykkur.

*Já, takk fyrir gaman að fá þig.*

Þakka ég fyrir, við höfum reynt að magna aftur sambandið við þessar æðri verur og þetta mannkyn og þurfum að koma með frekari fræðslu um þetta á næstu fundum og veit ég að okkar gömlu félagar, Þorsteinn, Ingvar og Þorsteinn, Helgi Guðlaugsson og fjölmargir aðrir vilja eitthvað um þetta segja, en kveð ég ykkur nú og þakka ykkur fyrir og óska ykkur alls hins besta, verið þið sælir.

*Við þökkum þér fyrir komuna og takk fyrir vertu sæll.*